

AUGLÝSING

um samning við Bandaríkin um eflingu flugöryggis.

Samningur milli ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku um eflingu flugöryggis, sem gerður var í Montréal 27. september 2004, öðlaðist gildi 11. febrúar 2009. Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 7. desember 2022.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.

**SAMNINGUR
MILLI
RÍKISSTJÓRNAR BANDARÍKJA NORÐUR-AMERÍKU
OG
RÍKISSTJÓRNAR LÝÐVELDISINS ÍSLANDS
UM EFLINGU FLUGÖRYGGIS**

Ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku og ríkisstjórn Íslands, hér á eftir nefndar „aðilar“, vilja efla flugöryggi og umhverfisgæði, vekja athygli á sameiginlegum málefnum er varða öryggi í starfrækslu almenningsloftfara, gera sér ljóst að hönnun og framleiðsla er í vaxandi mæli fjölþjóðleg svo og skipti á framleiðsluvörum til almenningsflugs,

vilja bæta samstarf og auka skilvirkni í málefnum er varða öryggi í almenningsflugi,

íhuga hvernig léttu megi þær efnahagslegu byrðar sem eru lagðar á flugiðnaðinn og flugrekendur vegna endurtekinna tækniskoðana, mats og prófana,

gera sér ljóst að hafa má sameiginlegan ávinning af bættum verklagsreglum um að taka gilt samþykki hins aðilans á lofthæfi, umhverfisprófunum og þróun gagnkvæmrar viðurkenningar á verklagsreglum um samþykki og vöktun á flughermum, viðhaldsstöðvum loftfara, flugverjum og flugrekstri,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

I. gr.

- A. Aðilar samþykkja:
1. að greiða fyrir því að tekið sé gilt
 - a) samþykki hins aðilans á lofthæfi, umhverfisprófanir hans og samþykki á framleiðsluvörum til almenningsflugs og
 - b) hæfismat á flughermum hins aðilans,
 2. að greiða fyrir því að tekið sé gilt samþykki og vöktun hins aðilans á viðhalds- og breytingastöðvum, flugverjum, skólum, tengdum flugi, og á flugrekstri,
 3. að taka höndum saman um að viðhalda sambærilegu öryggi og umhverfismarkmiðum að því er varðar flugöryggi.
- B. Hvor aðili skal tilnefna flugmálayfirvöld sín sem þann fulltrúa sem annast skuli framkvæmd samningsins. Af hálfu ríkisstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku skal framkvæmdafulltrúinn vera Flugmálastjórn samgönguráðuneytis Bandaríkjanna (FAA). Af hálfu ríkisstjórnar Íslands skal framkvæmdafulltrúinn vera Flugmálastjórn Íslands (ICAA).

II. gr.

Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- A. „Samþykki á lofthæfi“: staðfesting á því að hönnun eða breyting á hönnun framleiðsluvöru til almenningsflugs standist staðla sem aðilar hafa komið sér saman um eða að framleiðsluvara sé í samræmi við hönnun sem stenst þessa staðla og að hún sé í öruggu rekstrarástandi.
- B. „Breytingar“: breytingar á byggingu, útfærslu, afkastagetu, umhverfiseiginleikum eða starfrækslumörkum þeirrar framleiðsluvöru til almenningsflugs sem um er að ræða.
- C. „Samþykki fyrir flugrekstri“: tækniskoðun og mat, sem framkvæmt er af aðila samkvæmt stöðlum sem aðilar hafa komið sér saman um, á fyrirtæki sem annast flutningaflug með farþega eða vörur, eða staðfesting á því að fyrirtækið standist þá staðla.

- D. „Framleiðsluvara til almenningsflugs“: sérhvert almenningsloftfar, hreyfill eða loftskrúfa í loftfar eða undireining, búnaður, efni, hluti eða íhlutur til ísetningar í það.
- E. „Umhverfissamþykki“: staðfesting á því að framleiðsluvara til almenningsflugs standist staðla sem aðilar hafa komið sér saman um og varða hávaðamengun og/eða losun með útblæstri. „Umhverfisprófun“: ferli þar sem metið er, samkvæmt verklagsreglum sem aðilar hafa komið sér saman um, hvort framleiðsluvara til almenningsflugs standist þessa staðla.
- F. „Flugverji“: einstaklingur sem hefur leyfi flugrekanda til starfa í loftfari á fartíma þess.
- G. „Hæfismat á flughermi“: hæfismat þar sem flughermir er metinn og borinn saman við loftfarið, sem hann líkir eftir, samkvæmt stöðlum sem aðilar hafa komið sér saman um, eða staðfesting á því að hann standist þá staðla.
- H. „Viðhald“: skoðun, grannskoðun, viðgerð, varðveisla, skipti á hlutum, efni, búnaði eða íhlutum framleiðsluvöru til að tryggja áframhaldandi lofthæfi framleiðsluvörunnar en tekur ekki til breytinga.
- I. „Vöktun“: reglubundið eftirlit flugmálayfirvalda aðila til að ganga úr skugga um hvort kröfurnar um samfellt samræmi við viðeigandi staðla hafi verið uppfylltar.

III. gr.

- A. Flugmálayfirvöld aðila skulu láta fara fram tæknilegt mat og vinna í sameiningu að því að öðlast skilning hvor á annars stöðlum og kerfum á sviðum er varða eftirfarandi:
 1. samþykki á lofthæfi framleiðsluvara til almenningsflugs,
 2. umhverfissamþykki og umhverfisprófanir,
 3. samþykki og vöktun á viðhaldsstöðvum,
 4. samþykki og vöktun á flugrekstri og flugverjum,
 5. mat á og hæfi flugherma og
 6. samþykki og vöktun á skólum, tengdum flugi.
- B. Þegar flugmálayfirvöld aðila eru sammála um að staðlar, reglur, starfsvenjur, verklagsreglur og kerfi beggja aðila á einu af þeim tæknisviðum, sem talin eru upp í A-lið þessarar greinar, séu nógu sambærileg eða samrýmanleg til að hvor aðili um sig geti tekið gilt samþykki hins fyrir því að staðlar, sem sammælt hefur verið um, séu uppfylltir, skulu flugmálayfirvöld taka saman skriflegar verklagsreglur þar sem lýst er hvernig staðið skuli að slíku gagnkvæmu samþykki á hverju tæknisviði fyrir sig. Þegar verklagsreglur um framkvæmd hafa verið samdar skulu þær teljast samkomulag um framkvæmd þessa samnings.
- C. Í verklagsreglunum um framkvæmd skulu a.m.k. eftirtalin atriði koma fram:
 1. skilgreiningar,
 2. lýsing á umfangi þess sviðs almenningsflugs sem um er að ræða,
 3. ákvæði um að taka gildar athafnir flugmálayfirvalda hins aðilans, s.s. staðfestingu á prófunum, skoðanir, hæfismat, samþykki, vöktun og vottanir,
 4. ábyrgð,
 5. ákvæði um gagnkvæmt samstarf og gagnkvæma tækniástoð,
 6. ákvæði um reglubundið mat og
 7. ákvæði um breytingu eða niðurfellingu verklagsreglna um framkvæmd.

IV. gr.

Allur ágreiningur um túlkun eða framkvæmd þessa samnings eða tilheyrandi verklagsreglna um framkvæmd skal leystur með samráði aðila eða flugmálayfirvalda þeirra.

V. gr.

Hvor aðili skal tilkynna hinum um það þegar stjórnskipulegum skilyrðum hans fyrir gildistöku þessa samnings hefur verið fullnægt. Samningurinn öðlast gildi þann dag sem síðari tilkynningin er móttækin og gildir þar til annar hvor aðilinn segir honum upp.

Hvor aðili um sig getur sagt samningnum upp skriflega minnst sextíu (60) dögum áður en uppsögninni er ætlað að koma til framkvæmda. Slík uppsögn er jafnframt uppsögn á gildandi verklagsreglum um framkvæmd í samræmi við þennan samning. Aðilum er heimilt að breyta samningi þessum

með skriflegu samkomulagi. Flugmálayfirvöldum er heimilt að segja upp eða breyta einstökum verklagsreglum um framkvæmd.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritað, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

GJÖRT í Montreal, Kanada, 27. september 2004 í tvíriti á ensku.

**Fyrir hönd ríkisstjórnar
Bandaríkja Norður-Ameríku**

Marion C. Blakey

**Fyrir hönd ríkisstjórnar
Lýðveldisins Íslands**

Þorgeir Pálsson

**AGREEMENT
BETWEEN
THE GOVERNMENT OF THE UNITED STATES OF AMERICA
AND
THE GOVERNMENT OF THE REPUBLIC OF ICELAND
FOR THE PROMOTION OF AVIATION SAFETY**

The Government of the United States of America and the Government of the Republic of Iceland, hereinafter referred to as “the Parties,”

Desiring to promote aviation safety and environmental quality;

Noting common concerns for the safe operation of civil aircraft;

Recognizing the emerging trend toward multinational design, production, and interchange of civil aeronautical products;

Desiring to enhance cooperation and increase efficiency in matters relating to civil aviation safety;

Considering the possible reduction of the economic burden imposed on the aviation industry and operators by redundant technical inspections, evaluations, and testing;

Recognizing the mutual benefit of improved procedures for the reciprocal acceptance of airworthiness approvals, environmental testing, and development of reciprocal recognition procedures for approval and monitoring of flight simulators, aircraft maintenance facilities, crew members, and flight operations;

Have agreed as follows:

ARTICLE I

- A. The Parties agree to:
 - 1. Facilitate their acceptance of the other Party's
 - a) Airworthiness approvals and environmental testing and approval of civil aeronautical products; and,
 - b) Qualification evaluations of flight simulators.
 - 2. Facilitate their acceptance of the other Party's approvals and monitoring of maintenance facilities and alteration or modification facilities, crew members, aviation training establishments, and flight operations;
 - 3. Provide for cooperation in sustaining an equivalent level of safety and environmental objectives with respect to aviation safety.
- B. Each Party shall designate its civil aviation authority as the executive agent to implement this Agreement. For the Government of the United States of America, the executive agent shall be the Federal Aviation Administration (FAA) of the Department of Transportation. For the Government of the Republic of Iceland, the executive agent shall be the Icelandic Civil Aviation Administration (ICAA).

ARTICLE II

For the purposes of this Agreement:

- A. “Airworthiness approval” means a finding that the design or change to a design of a civil aeronautical product meets standards agreed upon between the Parties or that a product conforms to a design that has been found to meet those standards, and is in a condition for safe operation.
- B. “Alterations or modifications” mean the making of a change to the construction, configuration, performance, environmental characteristics, or operating limitations of the affected civil aeronautical product.

- C. "Approval of flight operations" means the technical inspections and evaluations conducted by a Party, using standards agreed upon between the Parties, of an entity providing commercial air transportation of passengers or cargo, or the finding that the entity complies with those standards.
- D. "Civil aeronautical product" means any civil aircraft, aircraft engine, or propeller or subassembly, appliance, material, part, or component to be installed thereon.
- E. "Environmental approval" means a finding that a civil aeronautical product complies with standards agreed upon between the Parties concerning noise and/or exhaust emissions. "Environmental testing" means a process by which a civil aeronautical product is evaluated for compliance with those standards, using procedures agreed upon between the Parties.
- F. "Crew member" means a person assigned to duty in an aircraft during flight time with the authority of the aircraft operator.
- G. "Flight simulator qualification evaluations" means a qualification process by which a flight simulator is assessed by comparison to the aircraft it simulates, in accordance with standards agreed upon between the Parties, or the finding that it complies with those standards.
- H. "Maintenance" means a performance of inspection, overhaul, repair, preservation, the replacement of parts, materials, appliances, or components of a product to ensure the continued airworthiness of that product, but excludes alterations or modifications.
- I. "Monitoring" means a periodic surveillance by the civil aviation authority of a Party to determine continuing compliance with the appropriate standards.

ARTICLE III

- A. The Parties' civil aviation authorities shall conduct technical assessments and work in cooperation to develop an understanding of each other's standards and systems in the following areas:
 - 1. Airworthiness approvals of civil aeronautical products;
 - 2. Environmental approval and environmental testing;
 - 3. Approval and monitoring of maintenance facilities;
 - 4. Approval and monitoring of flight operations and crewmembers;
 - 5. Evaluation and qualification of flight simulators; and
 - 6. Approval and monitoring of aviation training establishments.
- B. When the civil aviation authorities of the Parties agree that the standards, rules, practices, procedures, and systems of both Parties in one of the technical specialties listed in paragraph (A) of this Article are sufficiently equivalent or compatible to permit acceptance of findings of compliance made by one Party for the other Party to the agreed-upon standards, the civil aviation authorities shall execute written Implementation Procedures describing the methods by which such reciprocal acceptance shall be made with respect to that technical specialty. Once executed, each Implementation Procedure shall be considered an implementing agreement under this Agreement.
- C. The Implementation Procedures shall include at a minimum:
 - 1. Definitions;
 - 2. A description of the scope of the particular area of civil aviation to be addressed;
 - 3. Provisions for reciprocal acceptance of civil aviation authority actions such as test witnessing, inspections, qualifications, approvals, monitoring and certifications;
 - 4. Accountability;
 - 5. Provisions for mutual cooperation and technical assistance;
 - 6. Provisions for periodic evaluations; and
 - 7. Provisions for amendments to or termination of the Implementation Procedures.

ARTICLE IV

Any disagreement regarding the interpretation or application of this Agreement or its Implementation Procedures shall be resolved by consultation between the Parties or their civil aviation authorities.

ARTICLE V

Each Party shall notify the other that the constitutional requirements for the entry into force of this Agreement have been complied with. The Agreement shall enter into force on the date of receipt of the latter notification and shall remain in force until terminated by either Party.

Either Party may terminate this Agreement by giving notice of termination, in writing, at least sixty (60) days before the termination is intended to take effect. Such termination will also act to terminate existing Implementation Procedures executed in accordance with this Agreement. This Agreement may be amended by the written agreement of the Parties. Individual Implementation Procedures may be terminated or amended by the civil aviation authorities.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned, being duly authorized by their respective Governments, have signed this Agreement.

DONE at Montreal, Canada this the 27th day of September, 2004 in duplicate, in the English language.

**For the Government of
the United States of America**

Marion C. Blakey

**For the Government of
the Republic of Iceland**

Þorgeir Pálsson